

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag við Hagasmára 1 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 23. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hagasmára 1 - Smáralind, ásamt umsögn bæjaryfirvalda um framkomna athugasemd.

Í tillögunni felst breytt ytra form fyrirhugaðrar verslunar- og þjónustumiðstöðvar, grunnflötur hefur stækkað, aðallega neðanjarðar, byggingin verður tvær hæðir en þrjár hæðir til beggja enda. Fyrirkomulag bílastæða breytist, aksturs- og göngutengingar færast til og bílastæðum er fjölgað. Gert er ráð fyrir bensínsölu (sjálfsala) í suðvesturhorni lóðarinnar.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 27. ágúst til 4. október 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 7. desember 1999.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## REGLUR

### um breyting á reglum um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri, nr. 702/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Gunnarsstofnun lýtur stjórn fimm manna sem menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Safnastofnun Austurlands, annar af Atvinnu-þróunarfélagi Austurlands. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skipar ráðherra einn þeirra formann stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við gildistöku þessarar reglubreytingar skal fjölgað um tvo menn í stjórn, sbr. 1. gr., og skal skipunartímabil nýrra stjórnarmanna vera hið sama og þeirra sem fyrir eru í stjórninni, þ.e. til 31. maí 2002.

*Menntamálaráðuneytinu, 2. desember 1999.*

**Björn Bjarnason.**

*Árni Gunnarsson.*